



# Könnun meðal starfsfólks annarra en leikskólakennara



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ

## **Skýrslugerð:**

Sigrún Sif Jóelsdóttir

## **Menntavísindastofnun Háskóla Íslands**

September 2013

Könnun var unnin fyrir námsbraut í menntun ungra barna í leik- og grunnskólum, Menntavísindasviði Háskóla Íslands, í samstarfi við Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla og Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

## EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT.....	5
<b>1 INNGANGUR.....</b>	<b>8</b>
<b>2 SÖFNUN GAGNA.....</b>	<b>9</b>
2.1 FRAMKVÆMD OG HEIMTUR.....	9
2.1.1 Heimtur eftir landshlutum .....	10
2.2 AÐFERÐ OG ÚRVINNSLA.....	10
<b>3 NIÐURSTÖÐUR .....</b>	<b>11</b>
3.1 GRUNNUPPLÝSINGAR.....	11
3.1.1 Kyn og staðsetning leikskóla.....	11
3.1.2 Menntun, starfsaldur og starfshlutfall.....	13
3.2 ÁHUGI Á LEIKSKÓLAKENNARANÁMI .....	18
3.2.1 Hefur þú áhuga á að fara í leikskólakennaranám?.....	19
3.2.2 Hverjar eru ástæður þess að þú hefur áhuga á að fara í leikskólakennaranám? .....	20
3.2.3 Hve miklar líkur eru á því að þú farir í leikskólakennaranám?.....	21
3.2.4 Hvers konar námsfyrirkomulag myndi henta þér? .....	22
3.2.5 Hvað af eftirfarandi mögulegum leiðum til menntunar til starfa í leikskólum hugnast þér best? 22	
3.2.6 Hverjar eru ástæður fyrir því að þú hefur ekki áhuga á að fara í leikskólakennaranám? 23	
3.2.7 Ef nemendum í leikskólakennaranámi yrði gert kleift að ljúka ákveðnum áföngum myndir þú hafa áhuga á að fara í leikskólakennaranám? .....	24
3.2.8 Hvað af eftirfarandi mögulegum leiðum menntunar til starfa í leikskólum hugnast þér best? 24	
3.3 AÐSTÆÐUR TIL STARFSFÓLKS TIL NÁMS .....	26
3.3.1 Hvar heldur þú að þú munir vinna eftir tvö ár? .....	27
3.3.2 Hefurðu bætt við þig menntun sem tengist starfinu þínu síðan þú hófst störf í leikskólanum? .....	28
3.3.3 Hvaða menntun hefurðu bætt við þig sem tengist starfinu?.....	30
3.3.4 Ert þú skráð/ur í eitthvað nám sem stendur? .....	30
3.3.5 Í hvaða nám ertu skráður sem stendur?.....	31
3.3.6 Er eitthvað í aðstæðum þínum sem dregur úr möguleikum á því að þú farir í nám? .....	32
3.3.7 Hvað er það helst sem dregur úr möguleikum á því að þú farir í nám? .....	33
<b>VIÐAUKI 2 – KYNNINGARBRÉF VEGNA KÖNNUNAR .....</b>	<b>37</b>

## MYNDIR OG TÖFLUR

Mynd 1 Svarhlutfall í könnun meðal starfsfólks annarra en leikskólakennara .....	10
Mynd 3 Menntun starfsfólks annarra en leikskólakennara skipt eftir landsvæði.....	13
Mynd 2 Starfsaldur í leikskóla að meðaltali og starfsaldur í núverandi leikskóla að meðaltali eftir landshlutum.....	16
Mynd 4 Hefur þú áhuga á að fara í leikskólakennaranám?.....	19
Mynd 5 Hefur þú áhuga á að fara í leikskólakennaranám, greint eftir kyni, menntun og landsvæði. ....	20
Mynd 6 Hverjar eru ástæður þess að þú hefur áhuga á að fara í leikskólakennaranám?.....	21
Mynd 7 Hve miklar líkur eru á því að þú farir í leikskólakennaranám? .....	21
Mynd 8 Hvers konar námsfyrirkomulag myndi henta þér? .....	22
Mynd 9 Hvað af eftirfarandi mögulegum leiðum til menntunar til starfa í leikskólum hugnast þér best?.....	23
Mynd 10 Hverjar eru ástæður fyrir því að þú hefur ekki áhuga á að fara í leikskólakennaranám.....	23
Mynd 11 Ef nemendum í leikskólakennaranámi yrði gert kleift að ljúka ákveðnum áföngum myndir þú hafa áhuga á að fara í leikskólakennaranám?.....	24
Mynd 12 Hvar heldur þú að þú munir vinna eftir tvö ár? .....	27
Mynd 13 Hvar heldur þú að þú munir vinna eftir tvö ár? ( <i>Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu á x-ás en stöplur sýna fjölda svara í hverjum flokki</i> ). ....	28
Mynd 14 Hefur þú bætt við þið menntun sem tengist starfinu þínu síðan þú hófst störf í leikskólanum?.....	29
Mynd 15 Hefur þú bætt við þig menntun sem tengist starfinu þínu síðan þú hófst störf í leikskólanum, greint eftir kyni, menntun og landsvæði? ( <i>Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu á x-ás en stöplur sýna fjölda svara í hverjum flokki</i> )......	29
Mynd 16 Hvaða menntun hefur þú bætt við þig sem tengist starfinu?.....	30
Mynd 17 Ert þú skráð/ur í eitthvað nám sem stendur? .....	31
Mynd 18 Í hvaða nám ertu skráður sem stendur? .....	31

Mynd 19 Er eitthvað í aðstæðum þínum sem dregur úr möguleikum þínum á því að þú farir í nám?.....	32
Mynd 20 Er eitthvað í þínum aðstæðum sem dregur úr möguleikum á því að þú farir í nám, greint eftir kyni, menntun og landsvæði. ( <i>Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu á x-ás en stöplur sýnafjölda svara í hverjum flokki</i> ).....	32
Mynd 21 Hvað er það helst sem dregur úr möguleikum á því að þú farir í nám?.....	33
Mynd 22 Hvað er það helst sem dregur úr möguleikum á því að þú farir í nám, greint eftir kyni, mentun og landshluta. ( <i>Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu á x-ás en stöplur sýnafjölda svara í hverjum flokki</i> ).....	34
Tafla 1: Fjöldi og hlutfallsleg skipting eftir landsvæði. ....	12
Tafla 2: Fjöldi og hlutfallsleg skipting eftir landsvæði .....	12
Tafla 3: Menntun starfsfólks annarra en leikskólakennara fjöldi og hlutfallsleg skipting. ....	13
Tafla 4: Fjöldi og hlutfallsleg skipting eftir starfsaldri í starfi leiðbeinanda.....	14
Tafla 5: Starfsaldur starfsfólks leikskóla eftir landsvæði, lýsandi tölfræði.....	14
Tafla 6: Starfsaldur starfsfólks leikskóla, fjöldi og hlutfall.....	15
Tafla 7: Starfsaldur starfsfólks leikskóla í núverandi leikskóla leikskóla eftir landsvæði, lýsandi tölfræði.....	15
Tafla 8: Fjöldi og hlutfall eftir starfshlutfalli leiðbeinenda. ....	15
Tafla 9: Starfshlutfall leiðbeinenda eftir landsvæði, lýsandi tölfræði. ....	16
Tafla 10: Hvað af eftirfarandi mögulegum leiðum menntunar til starfa í leikskólum hugnast þér best?.....	25

## SAMANTEKT

Upplýsingar bárust frá 32 leikskólum af 262. Áætlað úrtak var 349 starfsmenn aðrir en leikskólakennarar. Alls bárust 318 svör. Áætlað svarhlutfall er því 91% eða því sem nemur 10% af þýði.

Konur voru um 94% þátttakenda en karlar 6%. Um 48% þátttakenda starfa í leikskólum á höfuðborgarsvæðinu en samtals 52% á landsbyggðinni.

Stærsta hlutfall þátttakenda er með grunnskólapróf (31%) eða 1-2 ára menntun í framhaldsskóla (27%). 22% eru með stúdentspróf og 20% með háskólamenntun.

Menntun starfsmanna dreifist ólíkt eftir landsvæði. Á landsbyggðinni eru fleiri með grunnskólapróf (47%) og 1-2 ára nám í framhaldsskóla en á höfuðborgarsvæðinu er þessu öfugt farið þar sem fleiri eru með stúdentspróf/iðnmenntun (32%) eða háskólanám (31%).

Flestir hafa starfað í 5 ár alls eða skemur í leikskóla (53%) en meðalstarfsaldur í leikskóla eru 7,7 ár með staðalfrávik 7,3 ár. Hæsti starfsaldur að meðaltali er á Vestfjörðum (11,7 ár) á og Suðurlandi (11 ár).

Starfsaldur þátttakenda að meðaltali í þeim leikskóla sem þeir starfa nú er 5,3 ár með staðalfrávik 5,7 ár.

Flestir þátttakendur eru í 100% starfi (59%) eða 71-99% starfi (27%). Starfshlutfall er að meðaltali 89% í könnuninni með staðalfrávik 16%.

Um 32% þátttakenda hafa áhuga á að fara í leikskólakennaranám. Starfsfólk með 1-2 ára nám í framhaldsskóla að baki eða stúdentspróf hefur frekar áhuga á því að fara í leikskólakennaranám en fólk með háskólamenntun.

Starfsfólk leikskóla með 1-2 ára nám í framhaldsskóla (54%), stúdentspróf eða iðnmenntun (42%) hafa mun frekar áhuga á að fara í leikskólakennaranám en þeir sem eru með háskólamenntun (12%) eða grunnskólapróf (18%).

Þeir sem hafa áhuga á að fara í leikskólakennaranám nefna helst þá ástæðu að gaman sé að vinna með börnum og svo að bæta við sig þekkingu. Síst tilgreina þátttakendur að námið auki á virðingu þeirra í samfélaginu.

Um 30% þeirra sem hafa áhuga á leikskólakennaranámi telja miklar líkur á því að þeir fari í leikskólakennaranám.

Flestir sem hafa áhuga á leikskólakennaranámi telja að hlutanám með starfi myndi henta þeim best (45%).

Starfsfólk leikskóla sem hefur á annað borð áhuga á leikskólakennaranámi hugnast best styttra nám á háskólastigi (77%).

Of lág laun eru helsta ástæða þess að þátttakendur hafa ekki áhuga á því að fara í leikskólakennaranám (32%), og því næst að fimm ára nám sé of löng skuldbinding (30%).

Um 33% svarenda myndu hafa áhuga á því að fara í leikskólakennaranám ef að þeim yrði gert kleift að ljúka ákveðnum áföngum. Fleiri svara spurningunni neitandi eða 67%.

Um 65% svarenda halda að þeir muni enn starfa í leikskóla eftir tvö ár. Hlutfallslega fleiri konur (69%) en karlar (14%) telja að þær muni starfa í leikskóla eftir tvö ár frekar en á öðrum vettvangi.

Starfsfólk með grunnskólapróf (78%) eða 1-2 ár í framhaldsskóla (77%) telur frekar að það muni vinna í leikskóla eftir tvö ár heldur en þeir sem eru með stúdentspróf/iðnmenntun (54%) eða háskólamenntun (39%). Vert er að benda á að um helmingur (78 af 140) þeirra sem telja að þeir muni starfa í leikskóla eftir tvö ár hafa áhuga á því að fara í leikskólakennaranám.

Um 49% þátttakenda hefur bætt við sig menntun sem tengist starfinu síðan þeir hófu störf í leikskólanum.

Fólk með grunnskólapróf (60%) og 1-2 ár í framhaldsskóla (55%) segist frekar hafa bætt við sig menntun sem tengist starfinu en starfsfólk með stúdentspróf (32%) eða iðnmenntun og Háskólamenntun (43%).

Langflestir hafa bætt við sig ýmsum fagnámskeiðum sem tengjast starfinu (40%) en einnig hefur starfsfólk sótt sér menntun sem leikskólaliðar (27%).

Tæplega 19% aðspurðra svara spurningunni um hvort þeir séu skráðir í eitthvað nám sem stendur, eru í námi. Flestir þeir sem voru skráðir í nám á könnunartímabilinu voru skráðir í háskólanám (29%) sem ekki tengist kennarafræðum eða uppeldismenntun.

Starfsfólk leikskóla telur í um 45% tilvika að eitthvað í aðstæðum þeirra dragi úr möguleikum þeirra á því að fara í nám.

Hlutfallslega fleiri konur (48%) en karlar (24%) telja að eitthvað í þeirra aðstæðum dragi úr möguleikum á námi fremur en ekki.

Grunnskólamenntaðir (61%) og fólk með 1-2 ára nám í framhaldsskóla (63%) telur frekar að eitthvað í aðstæðum þeirra dragi úr möguleikum þeirra til náms heldur en þeir sem eru með stúdentspróf (32%) eða háskólamenntun (18%).

Þegar spurt eru hvað það sé sem dragi úr möguleikum á námi tilgreina flestir fjárhagsstöðu og skuldbindingar (42%).



## 1 INNGANGUR

Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum könnunar sem lögð var fyrir starfsfólk leikskóla sem ekki er með leikskólakennaramenntun. Um var að ræða vefkönnun sem gerð var á landsvísu. Menntavísindastofnun Menntavísinda- sviðs Háskóla Íslands leiddi framkvæmd könnunar í samstarfi við sérfræðinga á sviði leikskólamála, Félag leikskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla og Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Tilgangurinn með framkvæmd könnunar var að afla upplýsinga um áhuga, þekkingu og aðstæður til leikskólakennaranáms. Markmiðið er að nýta niðurstöðurnar við mótun kynningarátaks til að fjölga menntuðum leikskóla- kennurum og að hafa áhrif á fyrirkomulag námsins.

## 2 SÖFNUN GAGNA

### 2.1 Framkvæmd og heimtur


**Samantekt:** Upplýsingar bárust frá 32 leikskólum af 262. Áætlað úrtak var 349 stafs menn aðrir en leikskólakennarar. Alls bárust 318 svör. Áætlað svarhlutfall er því 91% eða því sem nemur 10% af þýði.

Leitað var samstarfs við alla leikskólastjóra með því að senda út kynningarbréf á skráð netföng allra leikskóla á landinu. Í kynningarbréfi var leitað eftir samstarfi við leikskólastjóra um þátttöku og aðstoð við að framkvæma kannanir, annars vegar meðal starfsfólks annarra en leikskólakennara og hins vegar meðal leikskólastjóra. Könnunin náði því til skóla í öllum landshlutum og var send í 262 leikskóla. Leikskólastjórar voru beðnir um að beina könnun til síns starfsfólks og hvetja þá til þátttöku. Auk þess voru þeir beðnir um að senda inn staðfestingu á fjölda þeirra starfsmanna sem fengu boð um könnunina. Því var um hentugleikaúrtak að ræða úr áætluðu þýði um það bil 3000 starfsmanna leikskóla en samkvæmt tölum Hagstofunnar frá árinu 2012 eru aðrir en leikskólakennaramenntaðir alls 3.302 á landinu, þar af 2.381 ófaglærðir og 921 með aðra uppeldismenntun. Til annarra með uppeldismenntun teljast nú einnig þeir sem eru menntaðir leikskólaliðar (Hagstofan, 2012).

Um var að ræða netkönnun sem framkvæmd var á tímabilinu frá 3. til 28. maí 2013. Sendar voru út tvær áminningar til leikskólastjóra með frekari beiðni um að framsenda könnunina á sitt starfsfólk. Vefkönnunin var framkvæmd í  *Lime Survey* vefkönnunarkerfinu.

Um 91% þeirra sem staðfest var að fengu boð um að taka þátt í könnun svöruðu könnun. Samkvæmt upplýsingum sem bárust frá leikskólastjórum var 349 starfsmönnum öðrum en leikskólakennurum boðið að taka þátt í könnun

með milligöngu leikskólastjóra. Upplýsingar um þátttöku bárust frá 32 leikskólum af 262. Áætlað úrtak var því 349 starfsmenn aðrir en leikskólakennarar. Þar af voru 318 sem svöruðu könnuninni. Þátttakendur í þessari könnun eru um 10% allra þeirra sem starfa í leikskólum en eru ekki með leikskólakennaramenntun.



Mynd 1: Svarhlutfall í könnun meðal starfsfólks annarra en leikskólakennara

### 2.1.1 Heimtur eftir landshlutum

Erfitt var að meta raunverulegt svarhlutfall þar sem upplýsingar um úrtak voru byggðar á innsendum upplýsingum frá leikskólastjórum um fjölda þeirra sem fengu tækifæri til að svara. Í þremur landshlutum voru svör mun fleiri en áætlaður fjöldi þátttakenda var.

## 2.2 Aðferð og úrvinnsla

Í skýrslunni eru athuguð svör starfsfólks við spurningum sem ætluð eru til að meta áhuga og þekkingu á leikskólakennaranámi og tengjast aðstæðum þeirra. Spurningar voru alls 21 í spurningalistanum og var spurt um bakgrunn, svo sem kyn, staðsetningu leikskóla, menntun, starfsaldur í leikskóla, starfsaldur í núverandi starfi og starfshlutfall. Við úrvinnslu gagna var unnið með öll svör þannig að þau væru órekjanleg. Í öllu var farið eftir reglum Persónuverndar um öflun og meðferð persónuupplýsinga. Niðurstöður greininga eru settar fram í myndum og töflum sem sýna annarsvegar hlutfall og hinsvegar fjölda þeirra sem svara. Tölfræðileg úrvinnsla var unnin í SPSS en myndir og töflur í Excel.

### 3 NIÐURSTÖÐUR

Í þessum kafla er að finna upplýsingar um bakgrunn þátttakenda, aðstæður, áhuga og möguleika til leikskólakennaranáms.

#### 3.1 Grunnupplýsingar

**Samantekt:** Konur voru um 94% þátttakenda en karlar 6%. Um 48% þátttakenda starfa í leikskólum á höfuðborgarsvæðinu en samtals 52% á landsbyggðinni.

Stærsta hlutfall þátttakenda er með grunnskólapróf (31%) eða 1-2 ára menntun í framhaldsskóla (27%). 22% eru með stúdentspróf og 20% með háskólamenntun.

Menntun starfsmanna dreifist ólíkt eftir landsvæði. Á landsbyggðinni eru fleiri með grunnskólapróf (47%) og 1-2 ára nám í framhaldsskóla en á höfuðborgarsvæðinu er þessu öfugt farið þar sem fleiri eru með stúdentspróf/iðnmenntun (32%) eða háskólanám (31%).

Flestir hafa starfað í 5 ár alls eða skemur í leikskóla (53%) en meðalstarfsaldur í leikskóla eru 7,7 ár með staðalfrávik 7,3 ár. Hæsti starfsaldur að meðaltali er á Vestfjörðum (11,7 ár) og Suðurlandi (11 ár).

Starfsaldur þátttakenda að meðaltali í nústarfandi leikskóla er 5,3 ár með staðalfrávik 5,7 ár.

Flestir þátttakendur eru í 100% starfi (59%) eða 71-99% starfi (27%). Starfshlutfall er að meðaltali 89% í könnuninni með staðalfrávik 16%.

##### 3.1.1 Kyn og staðsetning leikskóla

Alls tilgreindu 301 þátttakandi af 318 kyn sitt. Konur voru í miklum meirihluta þátttakenda í þessari könnun eða 282 (94%) en karlar voru 19 talsins (6%).

Spurt var um póstnúmer leikskóla og það notað til að skipta þáttökuleikskólum á milli landsvæða. 302 af 318 svöruðu spurningu um póstnúmer leikskóla. Tafla

1 sýnir skiptingu á milli allra landsvæða en tafla 2 sýnir skiptingu á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar.

Flestir þátttakenda könnunarinnar starfa á höfuðborgarsvæðinu (48%) en því næst á Norðurlandi eystra (9%), fæstir starfa á Austurlandi. Þegar þátttakendum er skipt upp eftir því hvort leikskóli er staðsettur á höfuðborgarsvæði eða landsbyggð sést að fleiri þátttakendur koma af landsbyggðinni (52%) en af höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 1: Fjöldi og hlutfallsleg skipting eftir landsvæði

Landshluti	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæðið	146	48%
Norðurland eystra	28	9%
Suðurland	27	9%
Vesturland	25	8%
Reykjanes	24	8%
Norðurland vestra	21	7%
Vestfirðir	17	6%
Austurland	14	5%
Samtals	302	100%

Tafla 2: Fjöldi og hlutfallsleg skipting eftir landsvæði

	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæðið	146	48%
Landsbyggð	156	52%
Samtals	302	100%


### 3.1.2 Menntun, starfsaldur og starfshlutfall

Þátttakendur voru beðnir um að greina frá menntun og merkja við hæsta menntunarstig. Í töflu 3 má sjá fjölda og hlutfallslega skiptingu þátttakenda eftir menntun.

Alls voru 294 þátttakendur sem svöruðu spurningu um hæsta stig menntunar. Flestir eru með grunnskólapróf (31%) eða 1-2 ár í framhaldsskóla (27%). Um 20% leiðbeinenda er með háskólamenntun.

Tafla 3: Menntun starfsfólks annarra en leikskólakennara, fjöldi og hlutfallsleg skipting

	Fjöldi	Hlutfall
Grunnskólapróf	91	31%
1-2 ár í framhaldsskóla (100 einingar eða fleiri í framhaldsskóla)	79	27%
Stúdentspróf/löðmenntun	65	22%
Háskólamenntun	59	20%
Samtals	294	100%



Mynd 2: Menntun starfsfólks annarra en leikskólakennara skipt eftir landsvæði

Menntun starfsfólks annarra en leikskólakennara dreifist með ólíkum hætti eftir landsvæði. Á landsbyggðinni eru fleiri þátttakendur með grunnskólapróf (47%) og 1-2 ára nám í framhaldsskóla (30%) en þessu er öfugt farið á höfuðborgarsvæðinu þar sem fleiri þátttakendur eru með stúdentspróf, iðnmenntun (32%) og háskólamenntun (31%).

Spurt var hvað þátttakendur hefðu starfað mörg ár alls í leikskóla. Flestir hafa starfað innan við 5 ár (53%) og á bilinu 6-12 ár (23%). Um 5% hafa starfað lengur en í 20 ár. Hæsti starfsaldur er 39 ár en sá lægsti innan við eitt ár. Starfsaldur að meðaltali í leikskóla var 7,7 ár með staðalfrávik 7,3 ár.

**Tafla 4: Fjöldi og hlutfallsleg skipting eftir starfsaldri í starfi leiðbeinanda**

	Fjöldi	Hlutfall
<1-5 ár	156	53%
6-12	68	23%
13-20	53	18%
Lengur en 20 ár	15	5%
<b>Samtals</b>	292	100%

Samtals voru það 292 þátttakendur sem svöruðu bæði spurningu um starfsaldur og staðsetningu leikskóla. Hér í töflu 5 má sjá lýsandi tölfræði fyrir starfsaldur að meðaltali eftir landshluta.

**Tafla 5: Starfsaldur starfsfólks leikskóla eftir landsvæði, lýsandi tölfræði**

	Fjöldi	Starfsaldur að meðaltali	Staðalfrávik	Lægsta gildi	Hæsta gildi
Höfuðborgarsvæðið	139	6,4	7,6	0	39
Reykjanes	23	8,0	7,2	1	26
Vesturland	25	7,1	5,7	1	20
Vestfirðir	17	11,7	7,6	0	26
Norðurland vestra	20	7,9	6,0	1	20
Norðurland eystra	27	8,2	6,3	1	25
Austurland	14	8,1	7,5	1	26
Suðurland	27	11,0	7,4	2	35
<b>Samtals</b>	292	7,7	7,3	0	39

Þátttakendur voru spurðir hvað þeir hafi unnið mörg ár í núverandi leikskóla. Alls voru 318 sem svöruðu þessari spurningu. Fjölda og hlutfall eftir starfsaldri starfsfólks í núverandi leikskóla má sjá í töflu 6.

**Tafla 6: Starfsaldur starfsfólks leikskóla, fjöldi og hlutfall**

	Fjöldi	Hlutfall
<1-5 ár	208	65%
6-12	67	21%
13-20	34	11%
Lengur en 20 ár	9	3%
<b>Samtals</b>	<b>318</b>	<b>100%</b>

Hæsti starfsaldur starfsfólks í núverandi leikskóla var 28 ár en lægsti innan við ár. Meðal starfsaldur starfsfólks leikskóla var 5,3 ár í núverandi leikskóla með staðalfrávik 5,9. Í töflu 7 má sjá skiptingu þátttakenda eftir starfsaldri í þeim leikskóla. Flestir hafa starfað innan við fimm ár í núverandi leikskóla (65%) en langfæstir lengur en 20 ár (3%).

**Tafla 7: Starfsaldur starfsfólks leikskóla í núverandi leikskóla eftir landsvæði, lýsandi tölfræði**

	Fjöldi	Starfsaldur að meðaltali	Staðalfrávik	Lægsta gildi	Hæsta gildi
Höfuðborgarsvæðið	146	4,1	5,3	0	28
Suðurnes	24	6,3	6,8	0	26
Vesturland	25	5,3	4,5	0	20
Vestfirðir	17	9,6	8,2	0	26
Norðurland vestra	21	6,8	5,5	0	20
Norðurland eystra	28	6,4	6,1	0	21
Austurland	14	6,3	6,6	0	26
Suðurland	27	8,3	6,0	0	19
<b>Samtals</b>	<b>302</b>	<b>5,6</b>	<b>5,9</b>	<b>0</b>	<b>28</b>

Starfsfólk leikskóla aðrir en leikskólakennarar voru spurðir um starfshlutfall, sjá töflu 8 og 9. Alls voru 290 af 318 sem svöruðu spurningu um starfshlutfall. Starfshlutfall var að meðaltali um 89% með staðalfrávik 16%.

**Tafla 8: Fjöldi og hlutfall eftir starfshlutfalli leiðbeinenda**


	Fjöldi	Hlutfall
20-50%	20	7%
51-70%	22	8%
71-99%	77	27%
100%	171	59%
<b>Samtals</b>	<b>290</b>	<b>100%</b>



Tafla 9: Starfshlutfall leiðbeinenda eftir landsvæði, lýsandi tölfraði

	Fjöldi	Starfs- hlutfall að meðaltali	Staðal- frávik	Lægsta gildi	Hæsta gildi
Höfuðborgarsvæðið	143	91,9	15,8	20	100
Suðurnes	23	93,3	11,7	70	100
Vesturland	23	85,1	15,0	50	100
Vestfirðir	17	94,4	10,7	63	100
Norðurland vestra	20	78,1	20,6	50	100
Norðurland eystra	26	86,2	16,3	50	100
Austurland	13	85,6	17,3	50	100
Suðurland	25	85,8	16,0	50	100
Samtals	290	89,3	16,1	20	100

Mynd 2 er yfirlitsmynd yfir annarsvegar hversu lengi starfsfólk leikskóla hefur starfað í leikskóla af starfsævi sinni og hinsvegar starfsaldur í núverandi leikskóla eftir landshlutum. Myndin gefur hugmynd um stöðugleika í starfi leiðbeinenda í leikskóla eftir landshlutum.



Mynd 3: Starfsaldur í leikskóla að meðaltali og starfsaldur í núverandi leikskóla að meðaltali eftir landshlutum

Meðal starfsaldur í leikskóla án leikskólakennaramenntunar er 7,7 ár en að meðaltali hafa þátttakendur starfað 5,5 ár í núverandi leikskóla. Til að mynda

er meðalstarfsaldur hærri á Vestfjörðum en landsmeðaltalið segir til um eða 11, 7 ár og einnig á Suðurlandi 11 ár. Lægstur er meðalstarfsaldur leiðbeinenda á höfuðborgarsvæðinu eða 6,4 ár.

### 3.2 Áhugi á leikskólakennaranámi

**Samantekt:** Um 32% þátttakenda hafa áhuga á að fara í leikskólakennaranám. Starfsfólk með 1-2 ára nám í framhaldsskóla að baki eða stúdentspróf hefur frekar áhuga á því að fara í leikskólakennaranám en fólk með háskólamenntun.

Starfsfólk leikskóla með 1-2 ára nám í framhaldsskóla (54%), stúdentspróf eða iðnmenntun (42%) hafa mun frekar áhuga á að fara í leikskólakennaranám en þeir sem eru með háskólamenntun (12%) eða grunnskólapróf (18%).

Þeir sem hafa áhuga á að fara í leikskólakennaranám nefna helst þá ástæðu að gaman sé að vinna með börnum og svo að bæta við sig þekkingu. Síst tilgreina þátttakendur að námið auki á virðingu þeirra í samfélaginu.

Um 30% þeirra sem hafa áhuga á leikskólakennaranámi telja miklar líkur á því að þeir fari í leikskólakennaranám.

Flestir sem hafa áhuga á leikskólakennaranámi telja að hluta-nám með starfi myndi henta þeim best (45%).

Starfsfólk leikskóla sem hefur á annað borð áhuga á leikskólakennaranámi hugnast best styttra nám á háskólastigi (77%).

Of lág laun eru helsta ástæða þess að þátttakendur hafa ekki áhuga á því að fara í leikskólakennaranám (32%), og því næst að fimm ára nám sé of löng skuldbinding (30%).


Um 33% svarenda myndu hafa áhuga á því að fara í leikskólakennaranám ef að þeim yrði gert kleift að ljúka ákveðnum áföngum. Fleiri svara spurningunni neitandi eða 67%.

Alls voru átta spurningar sem tengjast áhuga á leikskólakennaranámi lagðar fyrir svarendur: a) Hefur þú áhuga á að fara í leikskólakennaranám? b) Hverjar eru ástæður þess að þú hefur áhuga á að fara í leikskólakennaranám? c) Hversu miklar líkur eru á að þú farir í leikskólakennaranám? d) Hvers konar námsfyrirkomulag myndi henta þér? e) Hvað af eftirfarandi mögulegum leiðum

til menntunar til starfa í leikskólum hugnast þér best? (5 ára háskólanám, styttra nám á háskólastigi, nám á framhaldsskólastigi), f) Hverjar eru ástæður fyrir því að þú hefur ekki áhuga á að fara í leikskólakennaranám? g) Ef nemendum í leikskólakennaranámi yrði gert kleift að ljúka ákveðnum áföngum eða námi til tiltekinna réttinda á skemmri tíma en fimm árum myndir þú hafa áhuga á að fara í leikskólakennaranám? h) Hvað af eftirfarandi mögulegum leiðum menntunar til starfa í leikskólum hugnast þér best? (styttra nám á háskólastigi, nám á framhaldsskólastigi, annað).


### 3.2.1 Hefur þú áhuga á að fara í leikskólakennaranám?

Alls voru 247 þátttakendur af 318 sem svöruðu þessari spurningu.



Mynd 4: Hefur þú áhuga á að fara í leikskólakennaranám?

Um 32% svarenda hefur áhuga á að fara í leikskólakennaranám. Áhugi á því að fara í leikskólakennarnám var skoðaður eftir kyni, námi og staðsetningu leikskóla.



Mynd 5: Hefur þú áhuga á að fara í leikskólakennaranám, greint eftir kyni, menntun og landsvæði.


Um 32% kvenna hefur áhuga á að fara í leikskólakennaranám en 20% karla.

Þeir sem eru með 1-2 ár í framhaldsskóla (54%), stúdentspróf eða iðnmenntun (42%) hafa mun frekar áhuga á að fara í leikskólakennaranám en þeir sem eru með háskólamenntun (12%) eða grunnskólapróf (18%).

Áhugi á því að fara í leikskólakennaranám skiptist hlutfallslega nokkuð jafnt á milli landshluta. Við samanburð á hlutföllum þarf að athuga að sumir flokkar eru mjög fámennir.

### 3.2.2 Hverjar eru ástæður þess að þú hefur áhuga á að fara í leikskólakennaranám?

Alls svöruðu 76 þátttakendur af þeim 78 sem höfðu áhuga á að fara í leikskólakennaranám þessari spurningu. Mynd 6 sýnir hlutfallslega skiptingu á milli þess hversu oft tilgreind ástæða er fyrir því að þátttakendur hefur áhuga á að fara í leikskólakennaranám.




**Mynd 6: Hverjar eru ástæður þess að þú hefur áhuga á að fara í leikskólakennaranám?**

Helsta tilgreinda ástæðan fyrir áhuga á því að fara í leikskólakennaranám er að það sé gaman að vinna með börnum (26%) og til þess að bæta við sig þekkingu (23%). Tólf prósent velja hærri laun sem ástæðu.

### 3.2.3 Hve miklar líkur eru á því að þú farir í leikskólakennaranám?

Alls voru 76 sem svöruðu þessari spurningu af þeim 78 sem höfðu áhuga á að fara í leikskólakennaranám. Svarmöguleikarnir<sup>1</sup> voru sameinaðir til að einfalda framsetningu á eftirfarandi máta: *mjög litlar* og *frekar litlar* voru sameinaðir í flokkinn *litlar* og svarmöguleikarnir *mjög miklar* og *frekar miklar* voru sameinaðir í flokkinn *miklar*.




**Mynd 7: Hve miklar líkur eru á því að þú farir í leikskólakennaranám?**

<sup>1</sup> Voru mjög litlar, frekar litlar, hvorki né, frekar miklar og mjög miklar.

Um 39% þeirra sem svara spurningunni um líkur á leikskólakennaranámi telja að það séu miklar líkur á því þau fari í leikskólanám, 30% eru hlutlausir og 30% telja litlar líkur á því.

### 3.2.4 Hvers konar námsfyrirkomulag myndi henta þér?

Alls voru 73 af þeim 78 sem höfðu áhuga á leikskólakennaranámi sem svara þessari spurningu.




Mynd 8: Hvers konar námsfyrirkomulag myndi henta þér?

Flestir sem svara þessari spurningu telja að hlutanám með starfi myndi henta þeim (45%), stór hluti myndi einnig kjósa að nýta sér vefmiðla í námi (33%), færri myndu kjósa fullt nám (16%).

### 3.2.5 Hvað af eftirfarandi mögulegum leiðum til menntunar til starfa í leikskólum hugnast þér best?


Þeir sem svöruðu því játandi að þeir hefðu áhuga á leikskólakennaranámi voru spurðir ofanefndrar spurningar. Alls voru 75 af þeim 78 sem höfðu áhuga á leikskólakennaranámi sem svöruðu henni.



**Mynd 9: Hvað af eftirfarandi mögulegum leiðum til menntunar til starfa í leikskólum hugnast þér best?**

Flestum þátttakendum hugnast styttra nám á háskólastigi (77%), færri gátu hugsað sér fimm ára leikskólakennaranám (13%) og nám á framhaldsskólastigi (9%).

### 3.2.6 Hverjar eru ástæður fyrir því að þú hefur ekki áhuga á að fara í leikskólakennaranám?



**Mynd 10: Hverjar eru ástæður fyrir því að þú hefur ekki áhuga á að fara í leikskólakennaranám?**


Helsta tilgreinda ástæða þess að starfsfólk leikskóla hefur ekki áhuga á að fara í leikskólakennaranám var sú að launin séu of lág (32%) og að fimm ára nám sé of löng skuldbinding (30%). Sú ástæða sem síst er tilgreind er sú að námið sé of erfitt (2%). Um 11% nefna aðrar ástæður en þær sem eru tilgreindar í



könnuninni. Þeir sem tilgreina annað nefna þó helst, langt nám og lág laun eða að þeir eru með aðra fagmenntun.

### 3.2.7 *Ef nemendum í leikskólakennaranámi yrði gert kleift að ljúka ákveðnum áföngum myndir þú hafa áhuga á að fara í leikskólakennaranám?*

Þeir þátttakendur sem svöruðu spurningunni um áhuga á leikskólakennaranámi neitandi voru spurðir þessarar spurningar til frekari skýringa. Alls voru 141 þátttakandi sem svaraði þessari spurningu.




**Mynd 11:** Ef nemendum í leikskólakennaranámi yrði gert kleift að ljúka ákveðnum áföngum myndir þú hafa áhuga á að fara í leikskólakennaranám?

Um 33% þeirra sem svöruðu þessari spurningu höfðu áhuga ef þeim yrði gert kleift að ljúka ákveðnum áföngum, fleiri svara spurningunni neitandi eða 67%.

### 3.2.8 *Hvað af eftirfarandi mögulegum leiðum menntunar til starfa í leikskólum hugnast þér best?*

Þeir sem svöruðu spurningunni um að ef starfsmönnum yrði gert kleift að ljúka ákveðnum áföngum myndir þú hafa áhuga á að fara í leikskólakennaranám, játandi voru spurðir frekar hvaða mögulegar leiðir til menntunar hugnaðist þeim best. 41 þátttakendur af 47 svöruðu þessari spurningu.



**Tafla 10: Hvað af eftirfarandi mögulegum leiðum menntunar til starfa í leikskólum hugnast þér best?**

Flestir sem svara þessari spurningu myndu kjósa styttra nám á háskólastigi (75%).

### 3.3 Aðstæður til starfsfólks til náms

**Samantekt:** Um 65% svarenda halda að þeir muni enn starfa í leikskóla eftir tvö ár. Hlutfallslega fleiri konur (69%) en karlar (14%) telja að þær muni starfa í leikskóla eftir tvö ár frekar en á öðrum vettvangi.

Starfsfólk með grunnskólapróf (78%) eða 1-2 ár í framhaldsskóla (77%) telur frekar að það muni vinna í leikskóla eftir tvö ár heldur en þeir sem eru með stúdentspróf/iðnmenntun (54%) eða háskólamenntun (39%). Vert er að benda á að um helmingur (78 af 140) þeirra sem telja að þeir muni starfa í leikskóla eftir tvö ár hafa áhuga á því að fara í leikskólakennaranám.

Um 49% þátttakenda hefur bætt við sig menntun sem tengist starfinu síðan þeir hófu störf í leikskólanum.

Fólk með grunnskólapróf (60%) og 1-2 ár í framhaldsskóla (55%) segist frekar hafa bætt við sig menntun sem tengist starfinu en starfsfólk með stúdentspróf (32%) eða iðnmenntun og Háskólamenntun (43%).

Langflestir hafa bætt við sig ýmsum fagnámskeiðum sem tengjast starfinu (40%) en einnig hefur starfsfólk sótt sér menntun sem leikskólaliðar (27%).

Tæplega 19% aðspurðra svara spurningunni um hvort þeir séu skráðir í eitthvað nám sem stendur, eru í námi. Flestir þeir sem voru skráðir í nám á könnunartímabilinu voru skráðir í háskólanám (29%) sem ekki tengist kennarafræðum eða uppeldismenntun.

Starfsfólk leikskóla telur í um 45% tilvika að eitthvað í aðstæðum þeirra dragi úr möguleikum þeirra á því að fara í nám.

Hlutfallslega fleiri konur (48%) en karlar (24%) telja að eitthvað í þeirra aðstæðum dragi úr möguleikum á námi fremur en ekki.


Grunnskólamenntaðir (61%) og fólk með 1-2 ára í framhaldsskóla nám (63%) telur frekar að eitthvað í aðstæðum þeirra dragi úr möguleikum þeirra til náms heldur en þeir sem eru með stúdentspróf (32%) eða háskólamenntun (18%).

Þegar spurt eru hvað það sé sem dragi úr möguleikum á námi tilgreina flestir fjárhagsstöðu og skuldbindingar (42%).

Alls voru sjö spurningar sem snúa að áhuga starfsfólks á námi í leikskólakennarafræðum og að starfa áfram á vettvangi leikskóla a) *Hvar heldur þú að þú munir vinna eftir tvö ár?* b) *Hefurðu bætt við þig menntun sem tengist starfinu þínu síðan þú hófst störf í leikskólanum?* c) *Hvaða menntun hefurðu bætt við þig sem tengist starfinu?* d) *Ert þú skráð/ur í eitthvað nám sem stendur?* e) *Í hvaða nám ertu skráð/ur sem stendur?* f) *Er eitthvað í aðstæðum þínum sem dregur úr möguleikum á því að þú farir í nám?* g) *Hvað er það helst sem dregur úr möguleikum á því að þú farir í nám?*


### 3.3.1 *Hvar heldur þú að þú munir vinna eftir tvö ár?*

Starfsfólk leikskóla var spurt hvar það héldi að það myndi vinna eftir tvö ár. Alls voru 230 af 318 sem svöruðu þessari spurningu.



**Mynd 12: Hvar heldur þú að þú munir vinna eftir tvö ár?**

Um 65% þeirra sem svara þessari spurningu telja sig muni starfa í leikskóla eftir tvö ár en 35% hyggjast starfa á öðrum vettvangi. Það er athyglisvert að benda á að einungis 32% svarenda hafði áhuga á leikskólakennaranámi (78 manns) en hlutfallslega fleiri eða 65% telja að þeir muni vinna í leikskóla næstu tvö árin (140 manns).



**Mynd 13: Hvar heldur þú að þú munir vinna eftir tvö ár? (Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu á x-ás en stöplar sýna fjölda svara í hverjum flokki)**


Hlutfallslega fleiri konur (69%) en karlar (14%) telja að þær muni starfa í leikskóla eftir tvö ár frekar en á öðrum vettvangi.

Starfsfólk með grunnskólapróf (78%) eða 1-2 ár í framhaldsskóla (77%) telur frekar að það muni vinna í leikskóla eftir tvö ár heldur en þeir sem eru með stúdentspróf/iðmenntun (54%) eða háskólamenntun (39%).

Í öllum landshlutum nema á höfuðborgarsvæðinu er hlutfallslega fleira starfsfólk sem telur að það muni starfa í leikskóla eftir tvö ár. Hlutfallslega flestir á Vesturlandi (94%), Norðurlandi Eystra (89%) og á Suðurlandi (96%) telja að þeir muni starfa í leikskóla eftir tvö ár. Um helmingur starfsfólks á höfuðborgarsvæðinu telur sig starfa í leikskóla eftir tvö ár en á Reykjanesi (63%), Vestfjörðum (71%), Austurlandi (67%) og Norðurlandi vestra (71%).


### 3.3.2 Hefurðu bætt við þig menntun sem tengist starfinu þínu síðan þú hófst störf í leikskólanum?

Alls voru 272 af 318 þátttakendum sem svöruðu þessari spurningu.



**Mynd 14: Hefur þú bætt við þið menntun sem tengist starfinu þínu síðan þú hófst störf í leikskólanum?**

Þeir sem hafa bætt við sig menntun sem tengist starfi leiðbeinenda í leikskóla eru um 49% svarenda.



**Mynd 15: Hefur þú bætt við þig menntun sem tengist starfinu þínu síðan þú hófst störf í leikskólanum, greint eftir kyni, menntun og landsvæði? (Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu á x-ás en stöplur sýna fjölda svara í hverjum flokki)**


Þegar menntun sem tengist starfi er skoðuð nánar kemur í ljós að hlutfallslega fleiri konur (50%) en karlar (24%) hafa bætt við sig menntun.

Fólk með grunnskólapróf (60%) og 1-2 ár í framhaldsskóla (55%) segist frekar hafa bætt við sig menntun sem tengist starfinu en starfsfólk með stúdentspróf eða iðnmenntun (32%) og háskólamenntun (43%).

Hlutfallslega fæstir svara játandi þegar spurt er um viðbótarmenntun sem tengist starfi á Austurlandi og flestir á Suðurlandi. Við samanburð þarf að hafa í huga að afskaplega fáir eru í sumum svarflokkum.

### 3.3.3 Hvaða menntun hefurðu bætt við þig sem tengist starfinu?

Alls voru 113 sem svöruðu þessari spurningu sem var opin spurning, svörin voru flokkuð til að fá heildarmynd af menntun starfsfólks annarra en leikskólakennara. Menntun var sett í flokk óháð því hvort henni var lokið eða viðkomandi var enn skráður í námið.




Mynd 16: Hvaða menntun hefur þú bætt við þig sem tengist starfinu?

Langflestir hafa bætt við sig ýmsum fagnámskeiðum sem tengjast starfinu (40%) en einnig hefur starfsfólk sótt sér menntun sem leikskólaliðar (27%).

### 3.3.4 Ert þú skráður/ur í eitthvað nám sem stendur?

Alls voru 281 þátttakendur af 318 sem svöruðu þessari spurningu.




### Mynd 17: Ert þú skráð/ur í eitthvað nám sem stendur?

Tæp 19% segjast vera skráðir í nám sem stendur. Þessir þátttakendur voru spurðir frekar út í hvaða nám þeir væru skráðir í.

#### 3.3.5 Í hvaða nám ertu skráður sem stendur?

Alls voru 50 þátttakendur sem svöruðu þessari spurningu, eitt svar var ógilt. Svörin voru flokkuð niður til að fá heildarmynd af því hvaða nám starfsfólk leikskóla stundar nú.




### Mynd 18: Í hvaða nám ertu skráður sem stendur?

Flestir svarendur af þeim sem skráðir voru í nám á könnunartímabilinu eru skráðir í háskólanám sem ekki tengist leikskólakennarafræðum eða uppeldis- menntun (29%). Um 24% eru skráðir í framhaldsskólanám, félagsliðanám eða stuðningsfulltrúanám. Um 6% eru skráðir í leikskólakennaranám en samtals eru um 27% skráðir í nám sem tengist leikskólakennarafræðum (leikskólabrú, leikskólaliðanám) eða uppeldis- og menntunarfræðum.




### 3.3.6 Er eitthvað í aðstæðum þínum sem dregur úr möguleikum á því að þú farir í nám?

Alls voru 233 af 318 sem svöruðu þessari spurningu.



Mynd 19: Er eitthvað í aðstæðum þínum sem dregur úr möguleikum þínum á því að þú farir í nám?

Starfsfólk leikskóla telur í um 45% tilvika að eitthvað sé í aðstæðum þeirra sem dregur úr möguleikum á því að fara í nám.



Mynd 20: Er eitthvað í þínum aðstæðum sem dregur úr möguleikum á því að þú farir í nám, greint eftir kyni, menntun og landsvæði. (Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu á x-ás en stöplur sýna fjölda svara í hverjum flokki)


Hlutfallslega fleiri konur (48%) en karlar (24%) telja að eitthvað sé í þeirra aðstæðum sem dregur úr möguleikum þeirra á námi fremur en ekki.

Grunnskólamenntaðir (61%) og þeir sem eru með 1-2 ár í framhaldsskóla (63%) telja frekar en fólk með stúdentspróf (32%) eða háskólanám (18%) að eitthvað í þeirra aðstæðum dragi úr möguleikum á því að fara í nám.

Starfsfólk leikskóla á Vesturlandi (83%), Norðurlandi Vestra (67%) og Suðurlandi (59%) telur frekar að það sé eitthvað í þeirra aðstæðum sem dregur úr möguleikum á námi heldur en á Vestfjörðum (36%), Austurlandi (46%), höfuðborgarsvæði (35%), Norðurlandi Eystra (53%) og Reykjanesi (50%).


### 3.3.7 Hvað er það helst sem dregur úr möguleikum á því að þú farir í nám?

Alls voru 103 af 318 sem svöruðu þessari spurningu. Fyrirframgefnir valkostir voru fjárhagsstaða, skuldbindingar, skortur á aðgangi að Lánasjóði íslenskra námsmanna, fjölskylduaðstæður, aðrar persónulegar ástæður og annað. Allir svarmöguleikar voru valdir að minnsta kosti einu sinni nema ástæðan að skorta aðgang að Lánasjóði íslenskra námsmanna.



Mynd 21: Hvað er það helst sem dregur úr möguleikum á því að þú farir í nám?

Flestir sem tilgreina hvað helst dregur úr möguleikum á því að fara nám nefna fjárhagsstöðu og skuldbindingar (42%). Um 23% tilgreina aðrar ástæður en talið er upp, 21% tilgreina aðrar persónulegar ástæður en 14% nefna sérstaklega fjölskylduaðstæður. Tilgreindar ástæður voru skoðaðar frekar eftir kyni, menntun og landsvæði.



**Mynd 22: Hvað er það helst sem dregur úr möguleikum á því að þú farir í nám, greint eftir kyni, menntun og landshluta? (Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu á x-ás en stöplur sýna fjölda svara í hverjum flokki)**

Svör karla og kvenna endurspeglar að nokkru leyti hlutfallslega skiptingu heildarsvara við þessari spurningu utan að þeir fáu karlar sem tóku þátt tilgreina ekki fjölskylduaðstæður sem ástæðu fyrir minnkuðum möguleikum á því að fara í nám.

Hlutfallslega fleiri háskólamenntaðra tilgreina fjölskylduaðstæður (50%) sem ástæður en fólk með stúdentspróf (18%), grunnskólapróf (8%) eða 1-2 ár í framhaldsskóla (10%). Fólk með grunnskólamenntun tilgreinir fremur aðrar persónulegar ástæður og annað en hinir hóparnir.

Fjárhagsaðstæður og skuldbindingar veiga hlutfallslega þyngst á Norðurlandi Vestra (75%). Fjölskylduaðstæður eru ekki tilgreindar á Austurlandi, Vestfirðum og á Reykjanesi.

Hafa ber í huga við samanburð á hlutföllum að sumir hópar eru mjög fámennir en svörin gefa mynd af tilhneigingu til svara.

## UMRÆÐA

Um 32% þeirra sem starfa í leikskólum án leikskólakennaramenntunar hafa áhuga á að fara í leikskólakennaranám og þá heldur þeir sem ekki hafa þegar menntað sig á háskólastigi. Einungis hluti þeirra (30%) sem hafa á annað borð áhuga á að fara í nám telja miklar líkur á því að þeir muni fara í nám.

Það er athyglisvert að skoða þetta hlutfall í samhengi við það að um 65% þátttakenda telur að þeir muni enn vinna í leikskóla eftir tvö ár. Áhugi á námi virðist því ekki endilega fara saman við framtíðaráform í starfi.

Þeir sem hafa áhuga á námi hafa ánægju af því að starfa með börnum og hafa áhuga á að bæta við sig þekkingu.

Áhugi er helst fyrir því að fara í hlutanám með starfi og styttra nám á háskólastigi. Helsta ástæðan sem fólk nefnir fyrir því að hafa ekki áhuga á námi er sú að launin séu of lág og að fimm ára nám sé of löng skuldbinding. Lengd leikskólakennaranáms er að því er virðist eitthvað sem hefur mikið vægi í hugum bæði þeirra sem hafa áhuga á námi og þeirra sem ekki hafa áhuga á námi.

Næstum helmingur starfsfólks leikskóla í þessari könnun telur að eitthvað sé í aðstæðum þeirra sem dregur úr möguleikum þeirra á því að fara í nám og þá frekar þeir sem eru með grunnskólamenntun eða 1-2 ára nám í framhaldsskóla heldur en þeir sem eru með stúdentspróf eða háskólamenntun. Ef til vill er frekari hvatningar til menntunar þörf meðal þess starfsfólks leikskóla sem hefur litla menntun fyrir. Það sem þátttakendur telja helst draga úr möguleikum þeirra á námi er fjárhagsstaða og skuldbindingar. Úrræði sem beina athyglinni að launaívilnun eða sveigjanleika í starfi myndi af þessu að dæma vera til þess fallin að auka líkur á því að starfsfólk leikskóla sæi sér fært að sækja leikskólakennaranám.



## VIÐAUKI 2 – KYNNINGARBRÉF VEGNA KÖNNUNAR

Kæri leikskólastjórnandi

Menntavísindastofnun Háskóla Íslands leitar nú samstarfs meðal stjórnenda leikskóla vegna fyrirhugaðra tveggja kannana, annarsvegar fyrir leikskólastjórnendur og hinsvegar fyrir starfsfólk leikskóla sem starfar með börnunum og eru ekki menntaðir sem leikskólakennarar. Um er að ræða tvær vefkannanir sem gerðar verða á landsvísu. Menntavísindasvið Háskóla Íslands leiðir ofangreindar kannanir í samstarfi við Félag leikskólakennara og Mennta- og menningamálaráðuneyti.

Tilgangurinn er að afla upplýsinga um áhuga, þekkingu og aðstæður til leikskólakennaranáms. Markmiðið er að nýta niðurstöður við mótun kynningarátaks til að fjölga menntuðum leikskólakennurum og að hafa áhrif á fyrirkomulag námsins.

Samstarf við leikskólastjórnendur sem hér er óskað eftir er mikilvæg forsenda þess að mögulegt sé að afla upplýsinga um viðhorf og þarfir þeirra sem starfa í leikskólum varðandi leikskólakennaranám. Samstarf þitt sem leikskólastjóri yrði tvíþætt:

a) Þátttaka í vefkönnun meðal stjórnenda leikskóla. Leikskólastjórar eru beðnir um að svara netkönnun (10-15 mínútur) um þætti er snúa að mikilvægi leikskólakennaramenntunar fyrir leikskólastarf og aðstæður starfsfólks til náms. Þessi vefkönnun verður aðgengilega á netinu á tímabilinu frá 23. apríl til og með 1. maí 2013. b) Senda vefslóð könnunar á netföng starfsfólks leikskólans (annarra en leikskólakennara) og hvetja þá til þátttöku t.d. með því að gera þeim kleift að taka þátt á vinnutíma. Könnun fyrir starfsfólk leikskóla (annarra en leikskólakennara) snýr að áhuga og þekkingu þess á leikskólakennaranámi og tekur um 5 mínútur að svara. Vefkönnunin meðal starfsfólks leikskóla verður send á stjórnendur leikskólanna 29. apríl og verður opin fyrir þátttakendur til og með 7. apríl.

Jafnframt biðjum við leikskólastjóra að staðfesta þátttöku leikskólans með því að senda lista yfir þá starfsmenn sem hafa fengið senda vefslóð á könnun.

Alger trúnaðar- og þagnarskylda hvílir á öllum þeim sem koma að verkinu. Ári eftir úttektina verður öllum frumgögnum sem safnað verður í þessari könnun eytt á öruggan máta. Ef einhverjar spurningar vakna eru viðtakendur bréfsins beðnir um að hafa samband við undirritaða tengiliði.

Með von um góðar viðtökur, fyrir hönd rannsakenda á Menntavísindastofnun